

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 80

15. árgangur

19.12.2008

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

2008/EES/80/01

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5414 – Samsung SDI/
Samsung Electronics/SMD)

1

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2008/EES/80/01

(Mál COMP/M.5414 – Samsung SDI/Samsung Electronics/SMD)

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. desember 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem suður-kóresku fyrirtækin Samsung Electronics Co. Ltd. („SEC“) og Samsung SDI Co. Ltd. („SDI“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í suður-kóreska fyrirtækinu Samsung Mobile Display Co. Ltd. („SMD“) sem laut áður yfirráðum SDI að fullu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SEC: þróun og framleiðsla á rafeinda- og tölvuvörum
 - SDI: þróun og framleiðsla á skjáum og rafhlöðum í ýmis rafeindatæki
 - SMD: þróun og framleiðsla á litlum og meðalstórum skjáum sem notast við LCD- og OLED-tækni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 328, 23. desember 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5414 – Samsung SDI/Samsung Electronics/SMD, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.